

Leiðbeiningar fyrir styrkumsækjendur Menningarráðs Vesturlands.

Umsóknir eru sendar inn á sérstöku umsóknarformi á heimasíðu Menningarráðs Vesturlands, www.menningarviti.is

Lesið úthlutunarreglur vandlega.

Skoðið fyrri úthlutanir menningarráðs og vandið umsóknir. Athugið að mikilvægt er að skrá allar umbeðnar upplýsingar á umsóknarformið, það auðveldar alla vinnu og eykur trúverðugleika umsóknarinnar.

Hafið samband við menningarfulltrúa ef óvissa er um eitthvað sem varðar styrkina.

Menningarráð metur það ef textinn er skýr og hnitmiðaður, ekki of langur.

Kostnaðaráætlun felur í sér heildarkostnað verkefnisins. Gerið grein fyrir fjármögnun verkefnisins. Munið eftir 50% mótframlagi.

Fjármögnun verkefnisins. Sundurliðun á útgjöldum og raunhæfar upplýsingar. Aðra styrki og tekjur af t.d. aðgangseyri. Framlög annarra styrkveitenda auka trúverðugleika verkefnisins.

Þegar styrkur hefur fengist er gerður samningur við styrkþega. Sá sem undirritar samninginn er ábyrgur gagnvart menningarráði vegna verkefnisins. Ef breyting verður á verkefninu þarf að láta menningarfulltrúa vita og fá leyfi fyrir breytingunum, menningarráð getur krafist endurgreiðslu á styrknum sé það ekki gert.

Mikilvægt er að geta Menningarráðs Vesturlands sem styrktaraðila. Boðsmiðar þurfa að berast til menningarráðs til þess að menningarráð og menningarfulltrúi geti fylgst með verkefnum.

Lokaskýrslueyðublað er að finna á vef Menningarráðs Vesturlands.

Styrkjum er úthlutað á grunni gæða verkefna og góðra umsókna.

Vinsamlegast hafið samband við menningarfulltrúa Elísabetu Haraldsdóttur ef eitthvað er óljóst varðandi styrkumsóknir og lokaskýrslu. sími 4332313/ eða 8925290 netfang menning@vesturland.is